

REGLUGERÐ

um iðgjöld til slysatrygginga samkvæmt 36. gr. laga 67/1971 um almannatryggingar sbr. 5. gr. laga 59 20. maí 1978.

1. gr.

Eigendur ökutækja og aflvéla, sbr. c-lið 29. gr. l. 67/1971, skulu standa skil á föstu ársiðgjaldi til slysatrygginga sem hér segir:

Vegna bifreiðar	kr. 3.600
Vegna bifhjóls	— 3.200
Vegna reiðhjóls með hjálparvél	— 3.200
Vegna vélsleða	— 3.200
Vegna heimilisdráttarvélar	— 3.200
Vegna rafstöðvar	— 1.600
Vegna súgþurrkunartækis	— 1.600
Vegna heyblásara	— 1.600
Vegna trillubáta	— 14.640

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. heimild í 36. gr. l. 67/1971 sbr. 5. gr. l. 59/1978 um almannatryggingar og tekur gildi hinn 1. janúar 1979. Jafnframt er þá úr gildi felld reglugerð nr. 7 22. janúar 1964 með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. desember 1978.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.

15. desember 1978.

Nr. 449.

REGLUGERÐ

um veitingu sérfræðingsleyfa handa lyfjafraeðingum.

1. gr.

Umsóknir um sérfræðingsleyfi, ásamt nauðsynlegum gögnum skal senda til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

2. gr.

Ráðuneytið leitar álits þeirrar deildar Háskóla Íslands, þar sem lyfjafraeði lyf-sala er kennd, um umsækjendur um sérfræðingsleyfi, sbr. 3. gr. Heimilt er að skipa nefnd sérfróðra manna til þess að meta og semja álitgerð um umsóknir um sérfræðingsleyfi.

3. gr.

Til þess að kandidat í lyfjafraeði geti átt rétt til að öðlast sérfræðingsleyfi, skal hann fullnægja eftirtöldum kröfum:

- Hann skal að jafnaði hafa starfsleyfi sem lyfjafraeðingur hér á landi, sbr. I. kafla laga um lyfjafraeðinga nr. 35/1978.
- Hann skal hafa unnið að minnsta kosti í 5 ár við þá sérgrein, sem hann sækir um sérfræðiviðurkenningu í. Vikja má frá þessu skilyrði, ef umsækjandi hefur öðlast doktorsnafnbót eða licentiatgráðu að loknu framhaldsnámi.